

Dagskrá 82. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, **18. janúar kl. 16:30-18:20** á Teams.

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, Laufey K. Skúladóttir, Sveinn Margeirsson og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð.

Edda Matthíasdóttir, sviðsstjóri, MGR (Mannauðs, gæða og rekstrar), kom á fundinn í fyrsta og öðrum dagskrárlið.

Afgreiðsla fundargerðar síðasta fundar var samþykkt eftir nokkra umræðu. Guðrún Stefánsdóttir vildi að bætt yrði við, undir Önnur mál, hvatningu um að ráðast strax í kaup á húsnæði/aðstöðu fyrir Hestafræðideild, eins og fram kæmi í lagafrumvarpsskýringum. Niðurstaðan var að halda orðalagi 81. fundar óbreyttu án þess að bæta við tillögu Guðrúnar en taka tillögu hennar til frekari umræðu á þessum fundi undir Öðrum málum.

Dagskrá fundar var samþykkt svo hljóðandi:

1. Rekstraráætlun 2022.
  2. Samningur við Vinnvinn.
  3. Tilnefning valnefndar.
  4. Önnur mál.
1. Edda Matthíasdóttir kynnti rekstraráætlun ársins 2022. Áætlunin gerir ráð fyrir um 50 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Reiknað er með 291 millj. kr. í tekjur. Þar af 259 millj. í sértekjur, tæpum 14 millj. kr. í aðrar rekstrartekjur og 18 millj. kr frá ríkissjóði. Reiknað er með að gjöld verði 911 millj. kr. Þar af eru laun reiknuð 623 millj. kr. Flestir gjaldaliðir standa í stað á milli ára. Í máli Eddu koma fram að uppsetningu fjárhagsáætlunar verði breytt í því skyni að fjölga möguleikum á greiningum og sjá frávik snemma. Innkaupareglum verður breytt og gera verður ráð fyrir að lækka þurfi launakostnað með minni yfirvinnu og hagræðingum. Gert er ráð fyrir að kostnaður við aðkeypta þjónustu muni lækka. Gert er ráð fyrir töluverðu tekjufalli vegna færri rannsóknarstyrkja (sem voru 31% af rekstrinum á sl. ári). Þá kom fram að rekstur skólabús Hestafræðideildar væri afar þungur og það myndi koma deildinni mjög til góða að fá hesthúsið Brúnastaði keypta. Það myndi lækka húsaleigu skólans um 19 millj. kr. á ári. Mikil umræða var um hvaða möguleikar væru í stöðunni, s.s. hvernig Hestafræðideild gæti mögulega aukið tekjur sínar. Skólinn er í afar þröngum skorðum en Háskólaráð styður þá nálgun sem unnið er með í fjárhagsgerðinni og áform um breytt fjárhagsskipulag. Þar sem áætlunin gerir ráð fyrir það mikilli umframeyðslu á árinu að ráðuneyti Vísinda, rannsókna og nýsköpunar getur ekki samþykkt hana, samkvæmt

opinberum reglum, er næsta skref að heyra hvaða viðbrögð áætlunin fær og hvaða ráð ráðuneytið gefur gagnvart henni.

2. Gerður var samningur vegna auglýsingar um rektorsstöðu við Vinnvinn ehf, sérhæfða ráðninga- og ráðgjafastofu, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Auglýsingar hafa þegar verið birtar á Starfatorgi og víðar í fjölmiðlun og verða endurteknar nokkrum sinnum. Viðbrögð við auglýsingum eru góð, fyrirspurnir koma víða að.
3. Tilnefning valnefndar. Rektor hefur haft samband við nokkra einstaklinga til að leita eftir hvort þau gefi kost á sér í valnefnd rektors. Það gera:  
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, félagsfræðingur, prófessor við Háskóla Íslands, Sigurður Kristinsson, heimspekingur, prófessor við Háskólann á Akureyri, Skúli Skúlason, líffræðingur, hjá Náttúruminjasafni Íslands og prófessor við Háskólann á Hólum og einnig Sigríður Björnsdóttir, dýralækni hjá Matvælastofnun, sem Guðrún Stefánsdóttir lagði til. Valnefnd verður sett á næsta fundi ráðsins.
4. Önnur mál.  
Tími gafst ekki til að fjalla um þennan lið og færast þær umræður til næsta fundar.